

Litli - Hver



Hækkandi sól og vor í lofti

Þessa gullfallegu stemningu fangaði Óðinn Einisson félagi í Klúbbnum Geysi á mynd síðastliðð sumar. Yfir henni er ró og ysleysi, eins og tíminn sjálfur hafi tekið sér frí frá því að líða til þess að bjóða þyngdaraflinu birginn. Eða í endurliti einhvers sem fór í ferðalag og gleymdi að taka með sér erilinn frá öðrum stað en sneri heim í þeirri fullvissu að heimurinn væri góður staður að dvelja á. Klúbburinn Geysir óskar félögum og velunnurum gleðilegra páska. Tökum vorinu fagnandi.

Silicondalurinn er fallegur síðsumars

Viðtal við Mikael Hreiðarsson

Að þessu sinni er það Mikael Hreiðarsson sem er viðmælandi minn. Mikael hefur verið félagi í Klúbbnum Geysi síðan í nóvember 2017 og líkar mjög vel. Mikael hefur verið mjög virkur í skrifstofudeild klúbbsins síðan hann byrjaði og sett skemmtilegan og lausnamiðaðan svip á deildina. Þegar hann er inntur eftir uppáhaldsmat sínum segir hann vel rauða nautasteik með rauðvínssósu í uppáhaldi. Einnig segir hann að sverðfiskur, sem ekki er þó hlaupið að, að verða sér úti um í íslenskum fiskbúðum, sé mjög hlutlaus á bragðið, en sé að sama skapi mjög góður en það fer dálítið eftir kryddi sem notað er.



Mikael á góðri stundu

fyrri hluta 20. aldarinnar. Mikael hefur einnig áhuga á ljósmyndun og tekur þá aðallega myndir af dýrum utan borgar og af fólki í borgum.



Mikael og Jacky í djúpum þönkum

Mikael er í stjörnumerkinu hrútnum, en hann á afmæli 30. mars. Mikael á sér líka uppáhalds myndlistarmann en það er Man Ray sem var franskur súrrealisti. Hann málaði og tók ljósmyndir á

Hvaða tónlist er í mestu uppáhaldi hjá þér? „Ég hlusta á þungarokk og prog rokk eins og Pink Floyd, Yes og Uriah Heep, en í klassíkinni er Tjækovský í uppáhaldi og þá önnur sínfónía hans sem er Litla Rússland, þar sem hann notar stef úr úkraínskum þjóðlögum.

A Clockwork Orange eftir þann stórkostlega leikstjóra og kvikmyndasnílling Stanley Kubrik með Malcolm McDowell í aðalhlutverki er efst á lista yfir góðar bíómyndir sem Mikael hefur dálæti á. Hins vegar er Humphrey Bogart uppáhalds leikarinn hans.

Mikael er lærður forritari og hefur unnið hjá fyrirtækjum eins og Rafrás, og Íslenskri forritapróun. „Reyndar fór ég á vegum þess fyrirtækis til Vancouver og San Mateo í Californíu, en þaðan sést yfir í Sílicondalinn. En ég vann líka hjá fyrirtækinu Hugbúnaði hf og fór víða um lönd á þeirra vegum.

Mikael hefur unnið við að hanna bókhaldskerfi og einnig posa- og afgreiðslukerfi fyrir verslanir, en slík vinna krefst mikilla ferðalaga.

Spurður um góð lokaorð segir Mikael „No más“ eða „Berjst“. En þrátt fyrir allan tölvuáhuga Mikales er hann þó ekki á facebook. Við þökkum Mikael kærlega fyrir spjallið um leið og hann hverfur út í morgundaginn.

Viðtal Arnar Laufeyjarson

Kaffihúsið á þriðjudögum komið í pásu.

Kaffihúsið sem hefur verið á þriðjudögum undanfarin tvö ár er komið í tímabundna pásu. Afmæliskaffið er þó á sínum stað síðasta þriðjudag hvers mánaðar.

Opnun í Klúbbnum Geysi um páskana

Skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum er lokað.

Laugardaginn 31. marz verður páskaveislan haldin kl. 10.00 til 14.00

Briggja rétta matseðill: Lax í forrétt, lambapáskalæri í aðalrétt með tilheyrandi krásum og kaffi og páskaegg í eftirrétt.



Útvarp Geysir á netinu

Nú eru komin nokkur viðtöl inn á Útvarp Geysir sem hægt er að nágast á heimasíðunni með því að fara á kgeysir.is.

Leiðinn er að smella á þessa mynd á heimasíðunni (sjá hér að ofan) og þá ertu kominn inn á Útvarp Geysir síðuna þar sem hægt er að velja fjöldan allan af tilkynningum og viðtölun sem gaman er að hlusta á. Nú er bara að tengja heddíónana við tölvuna þína, velja efnið og njóta.



Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
2. Annar í páskum LOKAÐ	3. Fiskipasta	4. Kindabjúgu m/ karöflumús	5. Hlaðborð	6. Kjúklingur m/ steiktum hrísgrjónum	7.
9. Ommeletta	10. Plokkfiskur	11. Spagetti bolognes	12. Hlaðborð	13. Svínakótelettur í raspi	14.
16. Itölsk súpa að hætti Sigrúnar	17. Steiktur fiskur	18. Lasagne a la Lorenzo	19. Sumardagur inn fyrsti LOKAÐ	20. Kjúklingaréttur með parmesan og spinati	21.
23. Rónasteik	24. Fiskréttur að hætti Sigrúnar	25. Steiktur kjötbúðingur	26. Hlaðborð	27. Kjúklingapizza	28.
30. Tómatasú pa að hætti Mikaels					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að fjörga matseðil Klúbbsins Geysis. Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

RTR-fréttir

Lausar stöður í RTR á Bakka: Áhugasamir hafi samband við Benna í síma 551-5166.



Tölvuverið

- Tölvuver er í boði fyrir félagi í Klúbbnum Geysi á þriðjudögum frá kl. 11:15 til 12:15. Þar geta félagar fengið aðstoð og leiðbeiningar í notkun ýmissa forrita, eins og Word, Publisher, interneti og öðru sem félagar hafa áhuga á. Félagar eru hvattir til að kynna sér aðstöðuna og taka þátt.

Afmælisveislan fyrir félagi sem eiga afmæli í apríl verður þriðjudaginn 24. apríl kl. 14:00

Starfsleitarhópur

ætlar að hittast 9. apríl og 23. apríl. Áhugasamir setji sig í samband við Helenu.



Útvarpshópurinn hefur verið virkur og mjög áhugasamur það sem af er nýju ári. Á dögnum var boðið upp á stutt námskeið í útsendingarstjórnun og öðrum leyndardómum útsendingarfræða. Á myndinni er Helena, Mikael og Árni sem veg og vanda hafði af fræðslunni. Annað námskeið er fyrirhugað eftir páska. Áhugasamir setji sig í samband við Árna.

Fjáröflun ferðasjóðs

Núna er söfnunin komin á fullt enda stefnir stór hópur til Tenerife um miðjan september næstkomandi. Til sölu er Lakkríspoki eða hlauppoki fyrir 1.000 kr. Einnig WC-pappír og/eða eldhúspappír í balla á 4.000 kr.



Svipmyndir úr starfi Klúbbsins Geysis

Farið út að borða á Jómfrúnni



Heimsókn til RÚV






Myndin er tekin þegar niðurstöður Árangurskönnunarinnar voru kynntar félögum 22. mars sl.

Kynning á niðurstöðum árangurskönnunnar


Nú liggja fyrir niðurstöður árangurskönnunar sem lögð var fyrir félaga í október og nóvember 2017. Niðurstöðurnar voru kynntar félögum á fundi 22. mars síðastliðinn og munu verða aðgengilegar á skrifstofunni félögum sem áhuga hafa á. Margt fróðlegt kom út úr könnuninni, sem mun nýtast í starfi klúbbsins. Hins vegar verður því ekki neitað að þátttaka hefði mátt vera meiri, en raun bar vitni. Með það í huga er marktækni könnunarinnar ekki eins áreiðanleg. Könnunin var lögð fyrir félaga sem teljast virkir félagar í klúbbum, en þeir voru um 84 talsins þegar könnunin fór

fram og af þeim svörðu 45 könnuninni, sem gera 50,7% virkra félaga sem tóku þátt. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar í næstu blöðum


Á heildina lítið, hversu áncægð/ur eða óáncægð/ur ertu með frammistöðu starfsfólks?



Hversu oft að meðaltali mætir þú í Klúbbinn Geysi



Í hvaða deild ert þú oftast?



Breyting á dreifingu

Litla-Hvers

Í ljósi óheyrilegs kostnaðar við dreifingu Litla-Hvers með póstinum, hefur verið ákveðið að hætta að senda Litla-Hver til félaga og annarra velunnara klúbbsins. Fyrsta tölublað þessa árs var því síðasta tölublaðið sem berst með hefðbundinni póst-dreifingu. Í staðinn verður Litli-Hver sendur rafrænt til þeirra sem þess óska og að sjálfsögðu verður hann aðgengilegur á heimasíðu klúbbsins. Okkur þykir þetta miður, en verðum að láta á þetta reyna. Þetta hefur verið rætt á húsfundum og verið jákvæður skilningur á stöðunni. Litli-Hver verður þó prentaður áfram í litlu upplagi og félagar sem það vilja geta nálgast blaðið í klúbbum. Takk fyrir skilninginn.

Húsfundir

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

Allir að mæta!

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 8:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 8:30 - 15:00.

Félagsleg dagskrá í apríl 2018

Fimmtudagur 5. apríl
Keila

Fimmtudagur 12. apríl
Sund

Fimmtudagur 19. apríl
Sumardagurinn fyrsti
LOKAÐ

Laugardagur 21. apríl
Heimsókn að Gljúfrasteini

Fimmtudagur 26. apríl
Opið hús

RTR fréttir:

Nýr starfsmaður
í Góða hirðinum

**Jóna Gréta
Jónsdóttir
hefur
verið ráðin
í RTR í
Góða
Hirðinum.**



Jóna Gréta í Góða hirðinum

Starfið felst í umsjón með smáhlutahillum, tiltekt og afþurkun. Við óskum Jónu Grétu velfarnaðar og til hamingju með starfið

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **9:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.